

Reykjavík, 23. mars 2023

Efni: Umsögn um skýrslu starfshóps um aðlögun elstu barna leikskóla í ágústfrístund og grunnskóla

Stjórn Samtaka foreldra leikskólabarna í Reykjavík (SAMLEIK-R) lýsir yfir almennri ánægju með fyrirhugað tilraunaverkefni um ágústfrístund elstu barna í leikskóla. Æskilegt væri að tilraunaverkefni gæti hafist strax haustið 2023 og samhliða því verði unnið að undirbúningi á fullri innleiðingu fyrir haustið 2024 í ljósi góðrar reynslu nágrannasveitarfélaga af sambærilegu fyrirkomulagi. Þó eru nokkrir þættir sem skoða og skýra þarf betur til þess að ágústfrístundin geti heppnast vel og verið til góðs fyrir börn, foreldra/forráðafólk og faglegt starf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

Mikilvægt er að vandlega sé skoðað hvort og þá hver faglegur ávinningur er að þessari breytingu fyrir börnin. Þetta verkefni á ekki að hugsa sem sparnaðarverkefni, tryggja þarf fullnægjandi mönnun fagfólks allan tímann og huga sérstaklega að þörfum barna með stuðning og hvernig er best hægt er að koma til móts við þau. Stjórnendur og starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila þurfa að hafa tíma til þess að sinna þessu verkefni svo það gangi vel. Mikilvægt er að um sé að ræða alvöru brú milli leikskóla og grunnskóla og starfsfólk úr leikskólanum fylgi börnum fyrst um sinn.

Æskilegt væri að börnin fengju heitan mat og ávaxtastundir í þessari ágústfrístund líkt og í leikskólanum og tilvalið að nota til þess mötuneyti hvers skóla fyrir sig þar sem fyrir er starfsfólk og öll nauðsynleg aðstaða.

Sú útfærsla sem líklega myndi henta flestum börnum og foreldrum best væri að börn færu beint í frístund eftir að sumarleyfi í leikskóla lýkur (sviðsmynd II) sem myndi þá einnig flýta fyrir inntöku yngstu barna í leikskóla að hausti sem er mikilvægt fyrir foreldra/forráðafólk sem er að klára fæðingarorlof og ætti að styðja við faglegt starf á leikskólum.

Kostnaðarpátttaka foreldra er annað atriði en miðað við núverandi gjaldskrá er ódýrara að vera með barn á leikskóla í mánuð en í sumarfrístund. Við hvaða gjaldskrá yrði miðað fyrir þessa ágústfrístund? Mikilvægt er að tryggja að aukinn kostnaður leiði ekki til þess að börn efnaminni foreldra nýti ekki þessa þjónustu ef hún verður í boði. Skýrt þarf að vera hvort þátttaka barna í ágústfrístund yrði val foreldra/forráðafólks eða hvort ætlast væri til þess að öll börn færu þessa leið.

Áður en verkefni hefst þarf að vera skýrt hvernig árangur af því verður metinn og huga þá sérstaklega að þörfum barna af erlendum uppruna, barna með sérstakar þarfir og annarra viðkvæmra hópa. Mikilvægt er að þeirra skoðanir og skoðanir foreldra/forráðafólks barna í viðkvæmri stöðu á tilraunaverkefninu séu sérstaklega skoðaðar. Æskilegt væri að börn væru spurð beint um reynslu þeirra af þessu fyrirkomulagi enda eru þau fullfær á þessum aldri um að hafa skoðanir á umhverfi sínu og aðstæðum. Skýrt þarf að vera hvernig faglegur ávinningur af verkefninu verður metinn.

Fyrir hönd stjórnar Samtaka foreldra leikskólabarna



Albína Hulda Pálsdóttir